

Mál nr. 8/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 8. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 8/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Þá er einnig farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að regla um hvíldartíma tíkur milli gota hafi verið brotin. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 2. maí 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 30.maí. Andmæli bárust með bréfi dags. 4. maí og aftur með bréfi dags. 14. júní þar sem óskað var skýringa á því hversu lengi hafi dregist að svara henni. Afrit andsvara voru send kæranda X til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en fór fram á að siðanefnd ynni málið áfram. Var boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 1. nóvember með ábyrgðarpósti dags. 19. október. Þar sem kærða Y býr utan höfðuborgarsvæðisins var henni boðið uppá að fundað yrði gegnum fjarfundabúnað og þáði hún það. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin YY pöruð við rakkann XX október 2010 án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Einnig hefur tíkin YY gotið þrisvar sinnum án þess að hvíldartími milli gota hafi verið virtur. Tíkin YY er af hundakyninu collie rough og er í eigu kærðu Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða Y svaraði því til í andsvari sínu að pörunin hefði ekki verið ásetningur heldur hafi þetta verið slys og það sé skýringin á því að augnvottorð tíkarinnar YY var ekki í gildi. Það er einnig skýringin á því að hvíld milli gota er ekki næg. Kærða Y tekur það fram að hún geri sér þó grein fyrir því að ræktandi beri ábyrgð á því að "slys" verði ekki, en ef þetta hefði verið ásetningur þá hefði hún farið með tíkina í augnskoðun í júní 2010.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda um hundakynið collie rough:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.2000).

Þá segir einnig samkvæmt grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ:

„Láta ekki tók eiga fleiri en fimm got. Ef tók eignast tvö got innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got”.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörun átti sér stað þann 25. október 2010 hafði tíkin YY ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu collie rough skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Þá er einnig óumdeilt að hvíldartími tíkarinnar YY milli gota var ekki virtur. Tíkin YY gaut 4. mars 2009 2 hvolpum og 10 og hálfum mánuði seinna 19. janúar 2010 gaut hún 3 hvolpum og 11 mánuðum eftir það 25. desember 2010 gaut hún 4 hvolpum. Kærða Y hefur því einnig gerst brotleg við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, en þessi regla er sett til verndar heilsufari tíka.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotunum. Kærða Y hefur upplýst að um slys hafi verið að ræða er þörun átti sér stað hinn 25. október 2010. Siðanefnd telur það ekki breyta brotunum að um slys hafi verið að ræða, það sé alfarið á ábyrgð eigenda hunda að sjá til þess að þeir parist ekki fyrir slysi. Bar ræktanda Y að passa tíkina sérstaklega vel þar sem hún hafði í tvígang gotið áður með stuttu millibili. Það skal þó litið til þess að kærða Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir